

FRÁ ÚTILOKUN TIL VALKVÆÐRAR ÞÁTTTÖKU: FEÐUR Í UPPELDISRITUM 1846–2010

Hugmyndir um föður- og móðurhlutverkið skipta meginmáli fyrir stöðu og möguleika karla og kvenna. Samfélagslegir þættir þeirra hlutverka eru breytingum háðir og hvíla meðal annars á þeim félagslegu römmum sem konum og körlum eru settir og samfélagslegri orðræðu. Í þessari grein er fjallað um það hvernig föðurhlutverkið birtist í bókum og bæklingum sem út komu á Íslandi frá 1846 til 2010 og fjalla um meðgöngu, fæðingu og umönnun ungbarna. Þrjú megingímabil birtast, sem einkennast af fjarveru föður, aðstoðarmannsstöðu hans og loks virkri þátttöku í ferlinu. Jafnframt má sjá að faðirinn er þó aldrei jafngildur umönnunaraðili, hann er á hliðarlínunni en móðirin er hið sjálfgefna foreldri.

Efnisorð: feður, uppeldisrit, kyn, kynhlutverk

INNGANGUR

Að vera faðir er einstaklingsbundin upplifun innan ákveðins félagslegs ramma. Unnt er að vera líffræðilegur faðir án þess að vera það félagslega og það er unnt að vera félagslegur faðir án þess að vera það líffræðilega. Hin félagslega staða er breytileg frá einu tímabili til annars og frá einu samfélagi til annars (Gillis, 1996). Ýmsir félagsvísindamenn hafa fjallað um félagslega sköpun foreldrahlutverkanna og femínískir fræðimenn hafa fjallað mikið um sköpun móðurhlutverksins og ekki síst hvernig sú sköpun hefur orðið til að takmarka möguleika kvenna og halda þeim í ákveðinni líffræðilegri spennitreyju með því samfélagslega viðhorfi að líffræðileg gerð þeirra sé þeirra örlög, og þá meðal annars á grundvelli hæfileikans til að fæða barn (Lee, Bristow, Faircloth og Macvarish, 2014; Rich, 1976).

Rannsóknnum á feðrum og föðurhlutverkinu hefur fjölgað verulega síðustu áratugi, meðal annars innan þess sem stundum er kallað karlafræði (e. masculinity studies), og sérstakt tímarit, *Fathering*, er helgað félagsvísindalegum rannsóknum á feðrum og föðurhlutverkinu. Ekki er langt seilst þó fullyrt sé að meginástæður þessa áhuga séu tvær. Annars vegar er sú staðreynd að stóran hluta 20. aldarinnar voru samskipti feðra og barna þeirra minni en þau höfðu löngum verið áður. Iðnbyltingin skar á mikið af þeim tengslum sem áður höfðu verið milli feðra og barna þegar hún þvingaði feður af heimilunum og inn í

verksmiðjur eða aðrar þær starfsstöðvar sem kölluðu á kapítalískan vinnuaga. Hins vegar eru þær miklu breytingar sem hafa orðið á stöðu kynjanna á síðari hluta 20. aldar og byrjun þeirrar 21. Mjög aukin sókn mæðra á vinnumarkaðinn hefur leitt til þróunar í átt að samfélagsvæðingu barnaupveldis og hægfara aukningar á þátttöku feðra í umönnun, uppeldi og almennum heimilisstörfum. Víða hafa stjórnvöld gripið til einhverra sértækra aðgerða til að ýta undir þessa þróun, og héraendis og annars staðar á Norðurlöndum eru skref í átt að einstaklingsvæðingu fæðingar- og foreldraorlofs sérstök dæmi um slíkar aðgerðir (Fríða Rós Valdimarsdóttir, 2006; Ingólfur V. Gíslason, 2007).

Ýmsar leiðir eru til að rannsaka sögulega þróun föðurhlutverksins (LaRossa, 2012). Lög og reglur, dómur, endurminningar, dagbækur og blöð og tímarit eru dæmi um heimildir sem geta veitt upplýsingar um þróunina. Einnig má leita í afþreyingarefni ýmiss konar og auglýsingar. Það sem hér er lagt fram er byggt á yfirferð 37 bóka og bæklinga sem út komu á Íslandi á 19., 20. og 21. öld og fjölluðu um meðgöngu, uppeldi og umönnun ungra barna. Ástæða er til að líta á slíka texta sem annars vegar endurspeglun samfélagslegs veruleika og hins vegar leiðarvísa til (verðandi) foreldra um eðlilega hegðun gagnvart börnum og þar með hvert hlutverk karla og kvenna sé á því sviði. Hér er því litið svo á að þessir textar birti og skapi kynjaða sjálfmynd einstaklinga og samskipti kynjanna á þessu sviði (Sunderland, 2000).

Gífurlegar breytingar urðu á samfélagslegri stöðu karla og kvenna þau 164 ár sem hér eru undir. Þær breytingar hafa einkennst af því að losnað hefur um hefðir og bönd, möguleikar karla og kvenna eru fleiri og opnari en áður. Margir fræðimenn hafa greint hvernig nútíminn einkennist af upplausn gilda og kröfu um skynsamlegt val einstaklinga, val sem ekki getur hvílt á tilvísun til hefða eða annarra þátta en þeirra sem einstaklingurinn vill sjálfur styðjast við (Beck og Beck-Gernsheim, 2002; Giddens, 1992).

Í bók sinni um þróun fjölskyldunnar í heiminum á 20. öld fullyrðir Göran Therborn að feðraveldið sé sú samfélagslega stofnun sem helst hafi látið á sjá á 20. öldinni, líklega hafi engin önnur verið þvinguð til að hörfa í jafn ríkið mæli (Therborn, 2004). Líklega á það enn frekar við um Norðurlönd en önnur samfélög að feðraveldið svokallaða lét verulega á sjá á 20. öldinni. Hluti skýringarinnar á því felst í meðvituðum tilraunum ríkisvaldsins til að breyta samfélagslegri verkaskiptingu karla og kvenna. Stærsti hluti þeirra breytinga hefur falist í því að gera konum kleift að stunda launavinnu. Það er líka tiltölulega ljóst að breytingar 20. aldarinnar hafa haft það í för með sér að líf kvenna hefur orðið líkara hefðbundnu lífi karla. Einu gildir hvort horft er til daglegra starfa eða lífsferils; líf kvenna er mun líkara lífi karla en það var fyrir nokkrum áratugum. Það er hins vegar ekki fyrr en á síðustu árum sem eitthvað hefur verið gert af opinberri hálfu til að auðvelda breytingar í hina áttina, þ.e. að ýta undir breytingar í lífi karla sem geri það líkara hefðbundnu lífi kvenna. Arnlaug Leira hefur kallað þessar breytingar vinnumarkaðsvæðingu mæðra, samfélagsvæðingu barnaupveldis og fjölskylduvæðingu feðra (Leira, 1992).

Að sumu leyti virðist þessi breyting fela í sér afturhvarf til þess sem var fyrir iðnbyltingu. Þegar fjölskyldan var bæði framleiðslu- og neyslueining var aðskilnaður feðra og barna ekki mikill. Faðirinn hvarf ekki af heimilinu til að sinna vinnu, nema þegar farið var í verið, og börnin tóku mjög snemma þátt í þeim verkum sem þurfti að vinna ásamt föðrunum og öðru heimilisfólki.

Iðnbyltingin hafði í för með sér afar róttæka breytingu hvað þetta varðaði. Samskipti feðra og barna þeirra hafa vafalítið sjaldan eða aldrei verið jafn lítil og eftir að hún hafði lagt hramm sinn yfir vestræn samfélög. Móðirir var heima með börnin, faðirinn fór að morgni og kom heim að kveldi eftir að hafa stundað launavinnu til að draga björg í bú, „skaffa“ eins og það var gjarnan kallað.

Rannsóknarspurningin sem hér liggur til grundvallar er því hvaða föðurhlutverk eru birt og kennd í textum um meðgöngu, fæðingu og umönnun barna á tímabilinu 1846 til 2010.

AÐFERÐ

Tilgangur þeirrar athugunar sem hér verður greint frá er að skoða þá mynd sem birtist af feðrum í bókum og bæklingum sem út komu hérlendis á 19., 20. og 21. öld og fjölluðu um fæðingu, uppeldi og umönnun barna. Aðferðin sem beitt var er innihaldsgreining (e. content analysis) (Bryman, 2008; Krippendorff, 2013). Ekki er um úrtaksaðferð að ræða því lesnar voru flestar eða allar bækur og bæklingar sem út hafa komið á íslensku á tímabilinu og fjalla um efnið. Engin er meðvitað höfð utan garðs. Tvær leiðir voru farnar til að finna ritin. Annars vegar voru skoðuð þau rit Landsbókasafns sem eru í flokkunum 618, 648 og 649 og þau valin úr sem féllu að lýsingu verkefnisins. Hins vegar hafa nemendur í námskeiði sem höfundur kennir við Háskóla Íslands, Karlar og karlmennska, unnið rannsóknarverkefni og stundum hafa þau verkefni snúist um þetta viðfangsefni og þau fundið bækur sem ekki voru í áðurnefndum flokkum Landsbókasafns.

Ritin voru lesin með tilliti til nokkurra meginatriða í hugmyndum um notkun innihaldsgreiningar í kynjarannsóknnum (Neuendorf, 2011). Þessi meginatriði voru hvort faðir væri nefndur, hvort hann væri aðalpersóna eða í aukahlutverki, í hvaða hlutverki hann væri, hversu sjálfstæður gerandi hann væri og hvort hann væri „fullgott“ foreldri. Öll dæmi þar sem faðir var nefndur voru skráð og síðan þemagreind (Braun og Clarke, 2006).

Skipta má tímabilinu í þrennt á grundvelli stöðu föðursins. Í fyrsta lagi er það tímabilið frá því að fyrst kom út hérlendis bók um meðgöngu, fæðingu og umönnun ungra barna (1846) fram á miðjan sjöunda áratug 20. aldar, en það tímabil einkennist af tilvistarleysi föðursins, hann er vart nefndur í þessum ritum.

Í öðru lagi er tímabilið fram á tíunda áratug 20. aldar, þegar faðirinn verður sýnilegur, er þátttakandi en fyrst og fremst sem aðstoðarmaður, sá sem hjálpar mömmu og er hálf-klaufskur við þetta allt saman.

Í þriðja lagi er svo það tímabil sem enn stendur. Athyglin beinist meira að föðurnum sem sjálfstæðum geranda og möguleikum hans en meginþemað er samvinna foreldra. Yfirleitt er þó ljóst hvor aðilinn það er sem mestu máli skiptir, eftir sem áður er augljós tilhneiging til að „móðir“ og „foreldri“ séu samheiti.

Þær breytingar sem hér verða eru ljóslega tengdar öðrum félagslegum breytingum, fyrst og fremst breytingum tengdum vinnumarkaðnum og þeirri þróun sem orðið hefur í samfélagslegri verkaskiptingu karla og kvenna.

FYRSTA TÍMABIL: FJARVERANDI FAÐIR

Fyrsta tímabilið er jafnframt það lengsta. Það nær frá fyrstu bók um efnið frá fimmta áratug níttjándu aldar og allt til sjöunda áratugar þeirrar tuttugustu. Miklar breytingar urðu á stöðu fjölskyldunnar þessa rúmu öld og raunar á stöðu alls og allra. Óþarfi er að rekja þær breytingar allar en þróunin fól það í sér að íslenskt samfélag þokaðist frá hreinræktuðu feðra- og karlaveldi bændasamfélagsins til samfélags þar sem formleg réttindi kynjanna voru hin sömu á flestöllum sviðum. Þó réttindin væru hin sömu var aðgreining kynjanna samt afar skýr fram á seinni hluta 20. aldarinnar. Giftar konur voru lítið á vinnu-markaði, hann var staður karlanna, konurnar sáu um heimili og börn. Allar valdastöður utan heimilis voru í höndum karla og þeirra var langskólamenntunin.

Megineinkenni bóka og bæklinga þessa tímabils eru þrjú hvað feður varðar:

- 1) Fjarvera eða ósýnileiki
- 2) Fyrirvinna
- 3) Aukinn sýnileiki undir lok tímabilsins

Ósýnileiki föðursins

Megineinkenni útgefna rita þetta tímabil var að faðirinn var ósýnilegur. Hans var yfirleitt ekki að neinu getið í bókum sem fjölluðu um meðgöngu, fæðingu eða umönnun smábarna, eða þá að hann kom við sögu sem alger aukapersóna. Föður var hvergi getið í bókum Jónasar Jónassen (1888), Valdimars Steffensen (1914), Svinn Monrads (1925), Davíðs Scheving Thorsteinssonar, (1926) eða bæklingi Vilmundar Jónssonar landlæknis, sem útgefinn var með breytingum alls átta sinnum þetta tímabil (1934, 1942, 1946, 1950, 1955, 1960, 1963 og 1967). Í öðrum tilfellum rétt brá honum fyrir, svo sem þegar lagtækur faðir getur smíðað barninu klifurgrind (Isaacs, 1939, bls. 116). Í öðrum tilfellum birtist hann sem lítið annað en sæðisgjafi. Fjórum sinnum á 20. öldinni var gefin út bók Kristínar Ólafsdóttur, *Heilsufræði handa húsmæðrum* (1943, 1945, 1955 og 1966). Þó að fjórðungur bókarinnar fjallaði um kynlíf kvenna, meðgöngu, fæðingu og umönnun smábarns, þá var faðirinn alveg fjarverandi. Hans var ekki getið nema einu sinni og það var þegar konur voru varaðar við að eignast börn með hverjum sem er: „Og engin skynbær kona ætti að láta sér í léttu rúmi liggja að hrúga niður börnum með andlegum eða líkamlegum vanmetamanni, manni, sem hún getur ekki óskað eftir, að börn hennar líkist að einu eða neinu leyti“ (Kristín Ólafsdóttir, 1955, bls. 16).

Loks var svo faðirinn nefndur í tengslum við þjónustuhlutverk móðurinnar. Árið 1962 kom út bók sem á margan hátt markaði tímamót í umræðu um konur og fæðingar, *Slökun og eðlileg fæðing* (Hulda Jensdóttir, 1962). Þar var faðirinn nefndur einu sinni og það var þegar hin þungaða kona var hvött til að nota ekki fulla orku þegar hún straujaði skyrtu eiginmannsins. Það er svo til marks um þær miklu breytingar sem urðu á sjöunda áratug aldarinnar að nokkrum árum síðar var bókarrhöfundur orðinn brautryðjandi varðandi þátttöku feðra í aðdraganda og undirbúningi fæðingar (Hulda Jensdóttir, 2003).

Jafnvel þar sem ekki verður séð að nokkuð mæli gegn því að faðirinn komi að málum var hann útilokaður. Þannig sagði í bók Jónasar Jónassen (1888): „Það er vanalega hlutverk ljósmóðurinnar að annast barnið eftir fæðinguna, þegar hún er búin að hagræða

konunni; en með því að ljósmóðirin eigi má fara neitt frá konunni fyr en fylgjan er komin í ljós, þá verður einhver annar kvenmaður að gæta barnsins á meðan ...“ (bls. 6). Reyndar var faðirinn á stundum í svipuðu hlutverki og barn, sem konan var ábyrg fyrir að farnaðist þokkalega: „Ákveði konan að fæða á sjúkrahúsi, þarf hún að ráðstafa manni og börnum, á meðan hún dvelur að heiman“ (Þorbjörg Árnadóttir, 1950, bls. 41).

Á stundum var orðfæri þó ekki kynjað með jafn áberandi hætti, talað var um foreldra eða hina fullorðnu. Í bók Símonar Jóh. Ágústsonar (1950) var til dæmis ekki talað um föður eða móður, undantekningarlítið um foreldra. Aðeins einu sinni kom kyngreining fyrir: „Telpur geta snemma hjálpað móður sinni við húsverkin“ (bls. 34). En í öðrum ritum þar sem talað var um foreldra eða fullorðna er augljóst að í flestum tilfellum var átt við móður og oft rann textinn hindrunarlaust á milli þessara hugtaka:

Ef hinir fullorðnu geta gefið sér dálitinn tíma í fyrstunni og missa ekki þolinmæðina við hinar fyrstu mishæppnuðu tilraunir barnsins til að bjarga sér sjálft, spara þeir sér mikið erfiði og fyrirhöfn seinna. Auk þess stuðla þeir að því að gera barnið framtakssamt og sjálfstæða persónu á fullorðinsárunum. Flestum mæðrum hættir við því að hjálpa börnunum allt of mikið. (Isaacs, 1939, bls. 60)

„Enn eru til margar mæður, sem sinna ekki hót um að fræðast um, hvernig þær eigi að meðhöndla börn sín ... Ætli þeir foreldrar séu margir sem dettur í hug að spyrja um, hve mikið þeir eigi að láta eftir barninu, eða leita ráða um daglega meðferð þess?“ (Watson, 1944, bls. 8).

Þessi ósýnileiki feðra stafaði af því að þeirra hlutverk var annað, launavinnan.

Fyrirvinna

Tilvist föðursins var sjálfgefin í flestum bókanna að því leyti að hún var forsenda þess að móðirin helgaði sig umönnun barnanna. Efnisleg staða fjölskyldunnar hvíldi á honum. Þá sjaldan hann birtist var það einmitt í því hlutverki, sem „skaffarinn“. Yfirleitt var þó óþarfi að taka það fram. Ósýnileikinn og efnislega framfærslan settu föðurinn í svipaða stöðu og Guð, sem lítt sýnilega forsendu alls sem er.

Bók Jóns Thorstensen landlæknis (1846) gaf tóninn: „... eins og karlmönnum, sem feðrum, er ætlað að vinna og starfa úti, og draga forða að húsinu: svo er konunni ætluð stjórnin á húsinu og sjerilagi, eins og öllu móðurkyni, öll meðferð og aðhlyning á börnunum fyrstu árin ...“ (bls. 11)

Þessi sjálfgefna verkaskipting birtist einnig í því að konur voru varaðar við því sem þeirra beið:

Kona, sem gengur í hjónaband, verður að vera við því búin, að neita sér um margt, sem hún áður gat tekið þátt í og haft ánægju af. Eins og nú hagar til á heimilum, eru það fáar konur, sem hafa færi á að auka þekkingu sína og þroska, eftir að þær hafa giftst. Skyldurnar heimta allan tímann og alt starfið. (Skjerve, 1923, bls. 50)

Í framhjálaupi hér og þar birtist hvernig faðirinn er fjarverandi eða of upptekinn til að geta verið raunverulegur þátttakandi í fjölskyldulífinu. Barnið veltir því fyrir sér „hvort faðir þess sé inni í svarta kassanum, þegar rödd hans heyrir í símanum“ (Isaacs 1939,

bls. 69). „Að því undanskildu, þegar barninu er gefið að borða, skemmta móðir og barn sér best, þegar barnið er laugað. Og á sunnudagsmorgnana nýtur faðirinn þessarar gleði með þeim“ (Þorbjörg Árnadóttir, 1950, bls. 109). Faðirinn þarf svo að reyna að sjá til þess að vinna hans hafi ekki um of neikvæð áhrif á fjölskyldulífið eða samskiptin við móðurina. Honum „má ekki finnast hann eiga rétt á því að vera öflugur vegna þess að hann sé preyttur af vinnunni“ (Þorbjörg Árnadóttir, 1950, bls. 32).

Það á einnig við um bækur sem fjölluðu með almennari hætti um fjölskyldulíf að faðirinn var fjarverandi. Það var sjálfgefið að fyrirvinnulíkanið gildi þegar karl og kona rugluðu saman reitum. Í bókinni *Samskipti karls og konu* (Hannes Jónsson, 1965) segir meðal annars:

Konan hefur e.t.v. unnið úti fyrir hjónabandið, haft góðar tekjur og þar af leiðandi rúm aura-ráð. Nú segir hún upp góðu starfi og gerist forstjóri heimilisins. Bóndinn vinnur úti og aflar í búíð. Það fé, sem hann vinnur inn, verður nú að nægja þeim báðum og fjölskyldunni allri, þegar hún stækkar. (Hannes Jónsson, 1965, bls. 87)

Mamma var heimavinnandi og því var það auðvitað hún sem sá um barnið fyrstu mánuðina og árin: „Síðan kemur faðirinn smátt og smátt inn í veröld þess ...“ (bls. 131).

Beinlínis gat verið varasamt að raska þessari hlutverkaskiptingu. Þannig var bent á það í bókinni *Heilsurækt og mannamein* (1943) að launavinna eiginkvanna drægi úr framtakssemi karla:

Það er eftirtektarvert, að vinni kona árum saman utan heimilis eftir giftinguna, verður fjölskylda hennar sjaldan vel efnum búin. Ef framfærsla heimilisins og vaxandi ómegð hvílir á herðum húsbóndans eins, ryður hann sér braut af meira dugnaði og notar betur þau tækifæri er honum bjóðast. En vegna aðstoðar konu sinnar lætur hann berast með straumnum, leggur lítið að sér og kemur sér ekki áfram. (Niels Dungal, 1943, bls. 105)

Tuttugu árum síðar benti íslenskur félagsfræðingur á að í sjálfu sér væri hugsanlegt að hjón hefðu hlutverkaskipti, hún aflaði tekna en hann sinnti heimilinu. Þetta væri þó aðeins skýringardæmi „... og komi tæpast til framkvæmda, og alls ekki í góðu hjónabandi ...“ (Hannes Jónsson, 1965, bls. 88).

Þannig voru feðrum lagðar lífsreglurnar varðandi hlutverk sitt.

Vaxandi þátttaka

Bók Kristiane Skjerve, *Heilsufræði ungra kvenna*, sem út kom á íslensku 1923 sker sig nokkuð frá öðrum ritum tímabilsins hvað það varðar að feður voru oft nefndir og þeir höfðu þar augljós hlutverk önnur en fyrirvinnuna, svo sem að svara spurningum barna. Þetta var hins vegar undantekning þar til undir lok tímabilsins, þegar breytingar verða sýnilegar. Í riti Alfred Sundal, *Mæðrabókin* (1957), var til dæmis í fyrsta skipti nefndur sá möguleiki að hjón færu saman til læknis vegna þungunar konunnar. Verið var að fjalla um andlegar breytingar konunnar á meðgöngu, svo sem skapsveiflur, og nauðsyn þess að heimilísfolk vissi af þessu: „Einkum er nauðsynlegt, að eiginmanninum séu vandkvæðin ljós, og væri vafalaust heppilegt, að hann færi með konu sinni til læknis, einkum er hún fer til fyrstu eftirlitsskoðunar, svo að hann megi jafnframt verða fróðari“ (bls. 17).

Breytingarnar urðu síðan enn skýrari í ritum Hannesar Jónssonar því þó svo að hann hafi lagt ríka áherslu á hefðbundna verkskiptingu kynjanna, líkt og áður hefur komið fram, þá má sjá önnur viðhorf í greinum í *Fjölskyldan og hjónabandið* sem hann ritstýrði og út kom 1963. Í grein Sigurjóns Björnssonar, „Foreldrar og barnaupveldi“, segir meðal annars:

... heimilið þarf einnig á vernd að halda af þjóðfélagsins hálfu, ef það á að verða börnunum haldgott skjól. Sú vernd verður harla lítil, meðan þróun atvinnulífsins tekur ekki tillit til þess, að faðirinn þarf einnig að vera uppalandi. En hinn langi vinnutími flestra karlmanna kemur í veg fyrir, að svo geti orðið ... (Sigurjón Björnsson, 1963, bls. 170)

Þórir Kr. Þórðarson ritaði greinina „Hjónabandið frá siðferðilegu og kristilegu sjónarmiði“ í sömu bók og lagði áherslu á að giftar konur nútímans hefðu meiri þörf en konur áður fyrir tengsl við lífið utan heimilis, m.a. til að nýta menntun sína. Þar þyrfti eiginmaðurinn að sýna fórnfýsi og nærgætni því tilgangur hjónabandsins væri „ekki sá einn að ala upp börn og hugsa um heimilið, heldur er tilgangur þess líka fólgin í hamingju hjónanna hvors um sig sem einstaklinga“ (Þórir Kr. Þórðarson, 1963, bls. 189). Við erum hér á þröskuldi nýrra tíma.

Í erlendum rannsóknum á föðurhlutverkinu hefur stundum verið bent á hlutverk hans sem agavalds, hans hafi verið að refsa börnunum þegar þau brutu eitthvað af sér (Armen-gol-Carrera, 2008). Þess verður ekki vart í þeim bókum sem hér eru til umfjöllunar að það hlutverk hafi sérstaklega verið lagt á herðar föðurins, heldur virðist svo sem þar sé hlutur foreldranna nokkuð jafn. Raunar var ögunarhlutverkinu vísað til móðurinnar í upphafi tímabilsins því í bók Jóns Thorstensen (1846) voru leiðbeiningar um notkun vandarins sem væri „verkfæri í móðurinnar hendi“ (bls. 96).

Almennt séð var lítið fjallað um (líkams)refsingar barna og á stundum varað við hörku í barnaupveldi: „Noti foreldrarnir skammaryrði, gera börnin það líka. Og ef foreldrarnir flengja þau, munu börnin leggja hendur á þá, sem eru minni máttar“ (Skjerve, 1923, bls. 52). „Uppeldi með ströngum fyrirmælum, bönnum og hegningum er úrelt og telst ekki lengur heppilegt“ (Sundal, 1957, bls. 159). Watson varar við því að faðirinn sé settur í ögunarhlutverkið því refsing þurfi að koma strax í kjölfar brots: „Ef móðirin frestar að refsa barninu, þangað til faðir þess kemur heim, er nærri því óhugsandi, að refsingin nái tilgangi sínum ...“ (Watson, 1944, bls. 56).

Í þessum ritum var lögð megináhersla á að foreldrar yrðu að vera samtaka hvað varðaði uppeldi og ögun: „... frá fæðingu verða foreldrarnir að vinna saman að hinu mikilvæga uppeldisstarfi“ (Þorbjörg Árnadóttir, 1950, bls. 73). „Verið sjálfum yður samkvæm. Móðirin má ekki segja eitt og faðirinn annað. Það veldur öryggisleysi, en öryggi er barninu nauðsyn“ (Sundal, 1957, bls. 159).

Þær miklu breytingar á stöðu kvenna sem voru að hefjast á þessum tíma og einkenndu sjöunda og áttunda áratuginn höfðu djúp áhrif á stöðu barna og síðar karla. Mæðurnar héldu út á vinnumarkaðinn og samfélagsvæðing barnaupveldis hófst af fullri alvöru með fjölgun dagheimila (leikskóla). Þá breyttist einnig sú mynd sem dregin var upp í uppeldisritum af feðrum og hlutverki þeirra á heimilum og í samfélaginu í heild.

ANNAÐ TÍMABIL: FAÐIRINN AÐSTOÐAR

Í uppeldisritum þriggja síðustu áratuga 20. aldar fór faðirinn að birtast sem raunverulegur þátttakandi í heimilislífínu og umönnun barnanna. Launavinnutíminn styttist og faðirinn tók þátt í heimilislífínu með því að leika við börnin og aðstoða þau eldri við heimanámið. Þar að auki var hann aðstoðarmaður mömmu við heimilisstörfin og umönnun lítilla barna. Á þessum árum varð einnig sú byltingarkennda (og líklega vanmetna) breyting að feðurnir urðu þátttakendur í sjálfri fæðingunni. Fullyrt hefur verið að þessi almenna þátttaka feðra sé svo til nýtt fyrirbæri í veraldarsögunni (Madsen, Munck og Tolstrup, 1999) en þegar hún var heimiluð varð hún fljótt almenn, líklegast sökum þess að hún var í samræmi við sameiginlegan vilja feðra og mæðra. Þessi breyting varð eitthvað síðar á Íslandi en annars staðar á Norðurlöndum, eða á fyrri hluta áttunda áratugarins (Reynir Tómas Geirsson, 2000).

Þær breytingar sem urðu á þessum árum kristallast í einni bók. Árin 1967 og 1970 gaf Ríkisútgáfa námsbóka út bókina *Unga stúlkan og eldhússtörfin* (Vilborg Björnsdóttir og Þorgerður Þorgeirsdóttir, 1967) sem notuð var til kennslu í gagnfræðaskólum. Í inngangi sögðu höfundar í útgáfunni frá 1967: „Flest störf krefjast þekkingar og eru heimilisstörfin þar sízt undantekning. Konur þurfa að afla sér hennar á unga aldri og æfa saman huga og hönd, þá verða störfin léttari og ánægjulegri og nýting tíma og fjármuna betri“ (bls. 6). Árið 1975 var bókin endurútgefin en nú hét hún *Unga fólkið og eldhússtörfin* og í inngangi stóð nú: „Flest störf krefjast þekkingar og eru heimilisstörfin þar sízt undantekning. Allir þurfa að afla sér hennar á unga aldri og æfa saman huga og hönd, þá verða störfin auðveldari og ánægjulegri“ (Vilborg Björnsdóttir og Þorgerður Þorgeirsdóttir, 1975, bls. 3). Þarna breyttist „konur“ í „allir“ og það birtir okkur upplausn hefðbundinnar verka-skiptingar karla og kvenna.

Á þessu tímabili juku konur jafnt og þétt þátttöku sína á vinnumarkaði, fleiri tóku þátt og vinnutími þeirra lengdist. Menntunarbýlting kvenna hófst fyrir alvöru, sem sést meðal annars á því að árið 1970 voru konur tæplega 20% þeirra sem luku háskólaprófi en árið 1990 var hlutfall þeirra komið í um 50% (Guðmundur Jónsson og Magnús S. Magnússon, 1997). Konur birtust smám saman á öllum hefðbundnum karlasviðum og 1980 varð kona í fyrsta skipti forseti Íslands.

Augljósasta breytingin í ritum tímabilsins frá fyrsta tímabili var sú að faðirinn var ekki lengur ósýnilegur, hann kemur með einhverjum hætti við sögu í öllum bókunum. Áhersla jókst á að barneignir og umönnun barna væru samvinnuverkefni og að samfélagsleg þróun væri með þeim hætti að kynjun þessa hlutverks, eins og annarra, ætti að heyrja sögunni til. En það var jafnframt svo að í bókunum öllum var faðirinn í aukahlutverki, móðirin var hið raunverulega foreldri, sem sést meðal annars á því að í flestum ritunum var talað til móðurinnar en um föðurinn. Bókin *Barnið okkar* eftir Penelope Leach kom fyrst út á Íslandi 1982. Þrátt fyrir heiti bókarinnar hófst inngangur á orðunum „Bókin „Barnið þitt“ er skrifuð frá sjónarhóli barnsins“ (Leach, 1982, bls. 8). Þó svo að yfirleitt séu foreldrar ávarpaðir í fleirtölu í bókinni, þá er það frekar í almennum lýsingum. Þegar annar aðilinn er ávarpaður virðist það alltaf vera móðirin: „Maki þinn verður ekki fyrir beinum líkamlegum breytingum ...“ (bls. 131). Hvergi er gert ráð fyrir að faðir komi að daglegri umönnun. Hvort heldur er pelagjöf, þvottur eða klæðnaður er alltaf talað til „þín“ og það

er móðirin. Faðirinn er hins vegar í launavinnu og getur því verið barninu „kærkomin tilbreyting“ (bls. 122) þegar hann loks kemur heim.

Meginþemu tímabilsins eru:

- 1) Vaxandi þátttaka föður á öllum stigum
- 2) Faðirinn er aðstoðarmaður
- 3) Faðirinn er kunnáttulítil klaufi
- 4) Faðirinn og þátttaka hans er verkefni móðurinnar

Þátttakan vex

Það var megineinkenni allra bóka tímabilsins að lögð var áhersla á þátttöku föðurins á flestum sviðum og fór sú áhersla heldur vaxandi eftir því sem leið á tímabilið. Nokkrar ástæður voru tilgreindar fyrir þátttöku föðurins. Ein var sú að meðgangan var talin leika móðurina grátt, ekki síst andlega, og faðirinn þyrfti að taka á því. Árið 1980 kom út á Íslandi bókinn *Meðganga og fæðing: Svör við spurningum verðandi móður* eftir Laurence Pernoud. Í bókinni er mikið fjallað um það hvernig hin verðandi móðir hverfur smátt og smátt „inn í sjálfa sig“ (bls. 252) og „verður eins og barn“ (bls. 250), missir áhuga á því sem fram fer í umhverfi hennar og þá „... fer vitsmunalegur áhugi hennar einnig dvínandi“ (bls. 253). Þá gat það komið í hlut hins verðandi föður að „... koma að nýju á jafnvægi í fjölskyldunni ...“ (bls. 252), ekki síst með því að sinna eldri börnum.

Faðirinn skipti einnig máli hvað það varðaði að styðja móðurina í fæðingunni og eftir heimkomuna með því að létta henni líkamlegt erfiði. Þá var stundum talað beint til föðurins og honum lagðar lífsreglurnar. „Hrósaðu henni og veittu henni umhyggju meðan á hriðunum stendur“ (Fenwick, 1992, bls. 58). Í *Barn í vændum* (Helga Daníelsdóttir, 1988) voru listar yfir ýmislegt sem karlinn gæti gert konunni til stuðnings á meðgöngu og eftir fæðingu.

Hins vegar var stuðningur við móðurina alls ekki eina ástæða þess að feður áttu að vera virkari en þeir höfðu verið. Breytt hlutverkaskipan kynja var áhersluatriði í öllum bókunum, og að með þeim breytingum væri bæði eðlilegt og sjálfsagt að þátttaka feðra í öllu heimilislífi ykist. Að auki var fullyrt að þátttaka feðra þroskaði þá, þeir yrðu betri og ánægðari sem einstaklingar ef þátttakan væri nokkur: „Um það leyti sem barnið birtist, hefur jafnvel sá faðir sem af mestri tregðu hefur gerst þátttakandi, öðlast fullvissu um að hann gegni lykilhlutverki í þessu öllu saman“ (Leach, 1982, bls. 20). „Tilfinningar karlmanna til barna sinna hafa ... verið vanræktar og það hefur komið niður á hvorum tveggja“ (Bergþóra Sigmundsdóttir o.fl., 1984, bls. 31). Og í bók Fenwick (1992) var föðurnum sagt að líklega yrði barnið honum fyrst raunverulegt við ómskoðun: „Hingað til hefur þér kannski fundist þú afskiptur, en nú ættirðu að finna fyrir jákvæðum tilfinningum og eftirvæntingu“ (bls. 19).

Þannig var feðrum smátt og smátt ætlað annað hlutverk en aðeins fyrirvinnan.

Aðstoðarmaðurinn

Faðirinn hljóp víða undir bagga í ritum þessa tímabils. Í bókinni *Meðganga og fæðing* sagði: „... móðirin útbýr hreiður fyrir barnið, með því að kaupa vöggu, þrjóna barnaföt, kaupa bleiur og fá maka sinn til að undirbúa herbergið sem barnið á að sofa í (eða gerir

það sjálf“ (Pernoud, 1980, bls. 252). Móðirin er alltaf við stjórnvölinn og „gott er“ ef faðirinn getur lagt eitthvað af mörkum: „Leyfðu honum að taka þátt í að sinna barninu ... (Fenwick, 1992, bls. 77). Algengt var að textinn rynni áreynslulaust frá foreldri til móður eða að þó svo að textinn ætti að vera til beggja væri hann í reynd til móðurinnar, orð væru í kvenkyni. Sem dæmi má nefna *Foreldrahandbókina* (Stoppard, 1984): „Vertu ekki hrædd við að taka barnið þitt upp ...“ (bls. 59) „Eins og ævinlega þegar börn eru annars vegar verðurðu að vera sveigjanleg“ (bls. 155).

Almennt séð var hlutverk föðurins fram að fæðingu að róa móðurina og reyna að halda heimilinu gangandi meðan beðið væri eftir því að konan yrði léttari og gæti aftur tekið við. Eftir fæðinguna var aðstoðarhlutverk föðurins allsráðandi enda var í flestum bókanna enn gert ráð fyrir fyrirvinnuskipulaginu. Faðirinn átti þó að geta lagt eitthvað af mörkum væri hann beðinn um það: „... móðirin spyr maka sinn áalts á einhverju sem barninu viðkemur, eða biður hann að hjálpa sér við að skipta á barninu, við að undirbúa pelann eða biður hann um að gefa barninu hann ...“ (Pernoud, 1980, bls. 264).

Sjálfstæði föðurins var ekkert, hann var undir stjórn konu sinnar á þessu sviði. Vissulega var líklegt að hann gegndi og að honum væri gagn en frumkvæðis var ekki að vænta.

Klaufinn

Víða sér þess stað að ekki var reiknað með að faðirinn væri kunnáttumaður þegar kæmi að umönnun barna, hann væri hræddur við barnið og hefði líklegast aldrei áður haldið á barni. Sjálfgefið virðist hins vegar að hin nýbakaða móðir hafi reynslu. Faðirinn „heldur á barninu í „klaufagum“ höndum sínum [og þá] rennur ef til vill allt í einu upp fyrir honum, hvað það sé að verða pabbi“ (Pernoud, 1980, bls. 262).

Rúm barnsins er tilbúið, nóg er til af bleyjum og fötum og ef til vill hefur amma komið og undirbúið mat til nokkurra daga. Hvers vegna reynist þá allt stundum svona undarlega erfitt? Barnið grætur og virðist óánægt, eða að það er alltof latt, nennir varla að sjúga, vill bara sofa. Mamma er þreytt og vansæl í allri hamingjunni og pabbinn hefur eintóma þumalfingur og botnar ekki neitt í neinu. (Anna Margrét Ólafsdóttir og María Heiðdal, 1982, bls. 20)

Vafalítið er það rétt að mun algengara hafi verið að konur hefðu öðlast reynslu af ungum börnum. Stúlkur voru látnar passa yngri systkini og önnur börn auk þess sem dúkkuleikir voru ákveðinn undirbúningur. Hins vegar er vandséð hvers vegna reynsluleysi ætti að hafa í för með sér klaufagang eða að „botna ekki neitt í neinu“. En með þessu var undirstrikaður munur karla og kvenna, hvort heldur hann stafaði af líffræðilegum þáttum eða samfélagslegum.

Stundum var orðalag þó með svipuðum hætti og á tímabili eitt. Móðirin þurfti ef til vill ekki lengur að koma föðurnum fyrir í umsjón annarra meðan hún var fjarverandi en hann gat þó verið byrði, líkt og heimili og eldri börn. Þannig sagði í bókinni *Nýtt líf* þegar fjallað var um sængurlegu: „Á sama tíma verður hin nýja móðir að helga sig algjörlega umönnun mjög krefjandi smábarns, auk þess að hafa fyrir heimili að sjá, eiginmanni eða sambýlismanni og jafnvel öðrum börnum“ (Harvey, 1985, bls. 112).

Faðirinn gat þannig vissulega aðstoðað móðurina en hann var einnig í þörf fyrir umhyggju hennar. Á margan hátt birtist hann eins og stálpað barn, ósjálfstæður hjálparkokkur.

Faðirinn er verkefni móðurinnar

Það gekk sem rauður þráður í gegnum flestar bækur tímabilsins að móðirin væri ábyrg fyrir því að koma föðurnum af stað í föðurhlutverkinu. Móðirin var hliðvörður, það var hún sem hleypti föðurnum að barninu og henni bar að gera það. Eins og titill bókar Pernoud (1980), *Meðganga og fæðing: Svör við spurningum verðandi móður*, ber með sér var henni fyrst og fremst beint til konunnar. Faðirinn kom þó við sögu strax á bls. 31 með þessari einkennilegu fyrsögn: „Á ég að láta eiginmanninn taka þátt í þunguninni?“ Höfundur hvatti eindregið til þess að það væri gert og eitt af verkefnum hinnar verðandi móður væri einmitt að sjá til þess að faðirinn væri með og upplifði sig ekki utangarðs. Þó virðist ekki gert ráð fyrir honum í eftirliti og skoðunum á meðgöngunni og ekki í sjálfri fæðingunni fyrr en hún sé afstaðin. Um það segir að ljósmóðirin „... sýnir föðurnum barnið, ef hann er viðstaddur og setur það svo í litlu vögguna sem bíður eftir því“ (bls. 185). Síðar hnykkir höfundur enn frekar á: „Það er skylda móðurinnar, að sjá til þess að faðirinn fái tækifæri til þess að annast barnið“ (Pernoud, 1980, bls. 264). Þó svo að ástæða geti verið til að óttast að kunnátta föður sé lítil þá beri að hvetja hann til dáða og forðast eigingirni: „Móðirin má þá heldur ekki bægja föðurnum frá þegar hann ætlar að taka þátt í umönnun barnsins“ (Bergþóra Sigmundsdóttir o. fl., 1984, bls. 24).

Eftir því sem lengra leið á tímabilið jókst áherslan á að meðganga, fæðing og umönnun barna væri samvinnuverkefni foreldra og best væri fyrir alla aðila málsins að sem jöfnust skipting væri á öllum sviðum þar sem því yrði við komið. Í bók Önnu Margrétar Ólafsdóttur og Maríu Heiðdal frá 1982, *Ungbarnið*, var alla jafna lögð rík áhersla á báða foreldra þegar kom að samskiptum og tengslum við barnið. Hvatt var til virkrar þátttöku föður en jafnframt undirstrikað að líklega kynni hann minna fyrir sér en móðirin og það yki enn á mikilvægi þess að hann væri studdur til virkrar þátttöku. Áherslan á vankunnáttu eða ótta föðursins leiddi samt stundum til þess að hann var hafður á hliðarlínunni.

Að ýmsu leyti var þessi bók boðberi breytinga því þrátt fyrir klaufaganginn var faðirinn hér mun meiri þátttakandi, allt frá upphafi, en áður hafði verið. Þátttaka föðursins í sjálfri fæðingunni var orðin sjálfsögð og eðlileg. Jafnframt var undirstrikað að virkni hans væri mikilvæg bæði fyrir hann og fyrir barnið.

Árið 1984 sendi Jafnréttisráð frá sér bók sem Bergþóra Sigmundsdóttir og fleiri höfðu samið og kallaðist *Faðir, móðir, barn*. Bókin var beinlínis gefin út með það í huga að lyfta hlutverki feðra: „Markmið bæklingins er að fræða verðandi foreldra um foreldrahlutverkið og þá sérstaklega þátt feðra í umönnun og uppeldi barna, en minni gaumur hefur verið gefinn að breyttu hlutverki þeirra með auknu jafnrétti“ (bls. 7).

Innihald bókarinnar birtist í hnotskurn í þessum orðum:

Það hefur stangast nokkuð á við hefðbundna ímynd karlmennskunnar að fást við heimilisstörf og barnauppeldi. En þyngra á metunum er hitt að fátt í uppeldi karlmannna hefur að jafnaði búið þá undir fulla samábyrgð á heimili og fæstir kunna því vel til verka. Tregða þjóðfélagsins til að viðurkenna þörf barna fyrir umönnun föður helst því oft í hendur við tregðu feðra til að takast það hlutverk á hendur og reyndar ekki ósjaldan við tregðu móður til að sætta sig við föður í því hlutverki. (Bergþóra Sigmundsdóttir o.fl., 1984, bls. 26)

Hér var áherslan á að það væri félagsgerð samfélagsins umfram annað sem ákvarðaði stöðu foreldra gagnvart barni og að breytt samfélagslegt hlutverki kvenna (mæðra) kallaði á breytt hlutverk karla (feðra).

Textar tímabilsins breyttust frá því að móðirin væri eina foreldrið og til þess að rétt væri, skynsamlegt og sjálfsgagt að faðirinn tæki þátt. Ljóst er þó að allt var það valkvætt og því aðeins gat foreldrahlutverkið verið valkvætt fyrir föðurinn að það væri það ekki fyrir móðurina. Þessi þróun leiðir til þriðja tímabilsins.

ÞRIÐJA TÍMABIL: SJÁLFSTÆÐUR FAÐIR?

Upphaf þriðja tímabilsins má setja við árið 1994 þegar út kom bæklingurinn *Til hamingju, pabbi* eftir Sólveigu Þórðardóttur Ljósadóttur. Þar var í fyrsta sinn heilu riti beint sérstaklega til föður í tengslum við fæðinguna og fyrstu vikur nýja barnsins. Hann fékk stuðning og hvatningu og var fullvissaður um að einnig hann gæti vel sinnt barninu og væri mikilvægur í lífi þess.

Þrátt fyrir þá augljósu breytingu sem í því fólst að út var gefið sérstakt rit fyrir feður, þá eru skilin milli annars og þriðja tímabils engan veginn jafnskörp og milli fyrsta og annars; þemun eru hin sömu og er því ekki fjallað um þau í undirköflum hér. Í flestum bókum var framhaldið svipuðum áhersluatriðum og á öðru tímabili. Segja má að heldur aukist þyngdin í þeim þáttum ritanna sem snúa að mikilvægi föðursins, sjálfstæði hans og samvinnu foreldra. Eftir sem áður var augljóst að móðirin var hið sjálfgefna foreldri, þátttaka föðursins var enn valkvæð, hann var enn óöruggur, klaufskur og kjánalegur á „krúttlegan“ hátt. Á stundum birtist faðirinn reyndar enn sem hreinn fátáðlingur. Í *Nú er ég orðin mamma* var konan til dæmis upplýst um það að faðir barnsins mundi ekki gera sér grein fyrir því að hún væri þreytt og svefnvana nema hann læsi um vísindalegar rannsóknir sem styddu það (Borelius, 1996, bls. 112).

Meginbreytingin fólst í því að feður fóru sjálfir að skilgreina sviðið. Það birtist fyrst og fremst í bókum sem út hafa komið eftir aldamótin síðustu, þar sem íslenskir karlar hafa fjallað um eigin reynslu af meðgöngu, fæðingu, umönnun barna og heimilishaldi. Þeir taka sér sem sagt rými, leggja til eigin rödd. Að minnsta kosti fjórar slíkar hafa komið út og lýsa sjálfssköpuninni, skortinum á fyrirmyndum og hvernig unnið var úr þeim aðstæðum.

Í almennum bókum tímabilsins var faðirinn þó yfirleitt mun sjálfstæðari gerandi á heimilinu og í umönnun barnsins en hann var á öðru tímabilinu. Hann þurfti ekki í jafn ríkum mæli og áður að leita til móðurinnar um leiðbeiningar eða fyrirmæli, hann axlaði sjálfur ábyrgð, jafnvel gagnvart mjög litlum börnum.

Hér hafa miklar samfélagslegar breytingar átt sér stað. Menntunarbylting kvenna hélt áfram. Árið 1995 voru konur 62% þeirra sem útskrifuðust með háskólagráðu. Vigdís Finnbogadóttir hafði verið forseti í 15 ár og konum fjölgað í pólitískum áhrifastöðum. Þær voru ríflega 25% þingmanna og tæp 25% sveitarstjórnarmanna. Staða karla kallaði á endurskoðun ýmissa þátta sem höfðu hamlað þátttöku þeirra í fjölskyldulífi og umönnun barna. Árið 1992 varð sameiginleg forsjá barna eftir skilnað foreldra möguleg og varð strax vinsælt úrræði. Þrýstingur óx í samfélaginu á að breyta lögum um fæðingarorlof, meðal annars til þess að auka þátttöku feðra í umönnun barna sinna. Sá þrýstingur endaði með mjög róttæku lagafrumvarpi sem samþykkt var án mótatkvæða á Alþingi vorið 2000 (Ingólfur V. Gíslason, 2007) og hafði meðal annars í för með sér að árið 2003 var þriðjungur fæðingarorlofsins bundinn feðrum. Nýting þeirra varð strax mikil og flest ár nýta

um 90% feðra rétt sinn og taka að meðaltali 90–100 daga (Guðný Björk Eydal og Ingólfur V. Gíslason, 2016).

Í *Bókinni um barnið* er faðirinn „taugaóstyrkur þegar hann skiptir á barninu í fyrsta sinn, eins og hann sé með tíu þumalfingur“ (Manniche, 1997, bls. 81). Móðirin (sem auðvitað er ekki taugaóstyrk!) verður þó að gæta þess að ýta föðurnum ekki til hliðar og skipta sjálf. Slíkt endi „eðlilega með því að faðirinn dregur sig í hlé og það má alls ekki koma fyrir“ (bls. 81). Þess vegna er best að móðirin „gangi frá og leyfi föður og barni að æfa sig hvort á öðru í friði“ (bls. 81). Áhersla er þannig lögð á mikilvægi sjálfstæðis föðursins, þörf hans og barnsins fyrir tengsl og að þau verði ekki nema með virkri og sjálfstæðri umhyggju, sem geti verið þörf á að skipuleggja: „Hafið ákveðið fyrirkomulag á samveru föður og barns, þar sem faðirinn tekur við þegar hann er kominn heim og eyðir nokkru af tíma sínum til að sinna barninu“ (bls. 112). Augljóslega voru foreldrarnir ekki jafngildir en faðirinn var ekki lengur (aðeins) aðstoðarmaður heldur mikilvægur sjálfstæður gerandi í lífi barnsins.

Svipað mynstur birtist í annarri bók sem út kom sama ár, *Meðganga, fæðing, ungbarnið*. Þátttaka föðursins var nokkuð sjálfgefin á öllum stigum og hann gat verið sjálfstæður, til dæmis með því að ræða einslega við ljósmóðurina í mæðraskoðun (Rode, 1997, bls. 14), leggja barnið að beru brjósti sínu (bls. 76) og í sameiningu áttu foreldrarnir að finna „aðstæður þar sem þið hvort um sig getið verið ein með barninu“ (bls. 121). Þó virðist ekki vera reiknað með að hinn verðandi faðir lesi bókina því með örfáum undantekningum er talað um hann en ekki til hans.

Árið 2000 var gefin út bókinn *Barnið þitt frá fæðingu til 18 mánaða aldurs*. Hún var sérstök hvað það varðar að þeim möguleika var velt upp að hefðbundnum hlutverkum væri snúið við: „Hlutverk föðursins í umönnun barnsins getur verið allt frá því að hjálpa stöku sinnum til, til þess að sinna barninu að öllu leyti meðan móðirin vinnur úti. Erfitt getur verið að finna rétta jafnvægið og því er mikilvægt að ræða saman um verkskiptingu í umönnun barnsins“ (Stewart, 2000, bls. 42). Hér var öll áherslan á að foreldrar töluðu saman og semdu um allt sem að barninu sneri án þess að vera bundin af hefðum. Á stundum var móðirin þó ávörpuð: „Láttu maðinn þinn í friði þegar hann er að klæða barnið. Kannski finnst þér hann ekki velja smekklega saman en barninu er sama ...“ (bls. 79). Hér er áhuga-vert að kunnáttu- eða smekkleysi föðursins er ekki áhyggjuefni sökum þess að barninu stendur á sama, sjónarmið þess er aðalatriðið. Þrátt fyrir þessi nútímalegu viðhorf má þó merkja ákveðna mæðraslagsíðu, svo sem í myndum og því að á nokkrum stöðum eru skálettraðar tilvitnanir í foreldra. Mæður eiga 31 slíka en feður sex.

Hlýlegasta bók tímabilsins er tvímælalaust *Upphafið* (Hulda Jensdóttir, 2003). Áherslan var vissulega á móður og barn en þó þannig að sjálfgefið var að faðirinn væri þátttakandi í öllu. „... því nær sem hann [faðirinn] kemst lífsundrinu mikla, þeim mun betra fyrir hann sjálfan, fyrir konuna hans og síðast en ekki síst fyrir barnið hans“ (bls. 126). Hvergi var gert lítið úr feðrum en talið gefið að þeir, líkt og mæðurnar, hefðu þörf fyrir fræðslu og stuðning annarra, meðal annars væri skynsamlegt að verðandi feður fengju tækifæri til að hittast án maka sinna á fræðslunámskeiðum. Umræðan yrði opnari þannig. En þó feður væru hér í stóru hlutverki þá voru öfrásagnir 31 konu en aðeins níu karla. Í 18 frásögnum kvennanna kom faðirinn þó við sögu.

Síðasta bók tímabilsins var *Foreldrahandbókin* (Þóra Sigurðardóttir, 2010). Tvíbendin í afstöðunni til hlutverka feðra og mæðra birtist með afar skýrum hætti í þeirri bók. Mæðrahyggjan var reyndar svo rík að það væri að mörgu leyti eðlilegra að bókin hétu Mæðrahandbókin. Þarna var til að mynda kafli sem bar heitið „Að verða faðir“ en enginn um að verða móðir. Annar var um „Að rækta þæjuna í sjálfri sér“ en enginn um ræktun gæjans. Í bókinni voru víða stuttar tilvitnanir í foreldra, samtals 488. Átján þeirra eða 4% voru í feður. Gestapistlar voru eftir 26 einstaklinga, þar af fimm karla eða 16%.

Kaflinn um kynlíf beindist aðeins að konum: „Jæja, það er komið að því! Sumar okkar geta ekki beðið eftir því að byrja að stunda kynlíf á ný en aðrar eru ekki alveg jafn spenntar“ (bls. 254). Nokkru síðar var enn ýtt undir hið sama: „Svo eru það pabbarnir sem hafa hreinlega engan áhuga á að stunda kynlíf. Þeir sjá konuna ekki lengur sem kynveru heldur móður“ (bls. 254) og „Sumar vilja hafa ljósin slökkt ...“ (bls. 254). Karlinn var hér óvirkt viðhengi. Þessi mæðraslagsíða varð svo sjálfsgöð að óþarfi var að taka fram um hvern væri verið að tala. Einn kaflinn bar heitið „Líkaminn eftir fæðingu.“ Ekki líkami móðurinnar eða líkami konunnar heldur „líkaminn,“ hinn eini og sanni.

Víða kom faðirinn þó við sögu en yfirleitt var eins og hann væri utangarðs. Þannig var áherslan á þarfir móðurinnar fyrir stuðning í forgrunni þegar kom að umfjöllun um veru feðra á fæðingardeild. Hins vegar var í bókinni pistill eftir Evu Kristjánsdóttur „Hugleiðing einstæðrar móður“ (bls. 224), en hún hefur lagt sig mikið fram um að hafa föðurinn með þó þau búi ekki saman og samkvæmt pistlinum hefur það gengið afar vel og allir sælir með það.

Miðað við fyrri tímabil er þetta ekki langt. Það er því ekki að undra þó ómur þess sem var sé enn sterkur í ritum tímabilsins. Þó kemur á óvart hversu lítil áhersla er enn sem komið er á jafngildi foreldra. Vissulega hafa flestar mæður börn sín á brjósti og torvelt fyrir föður að ganga inn í það hlutverk. Það er einnig svo að líkami móður hefur tekið miklu, miklu meiri breytingum en líkami föður og hin líkamlega áreynsla hefur fyrst og fremst verið hennar. Þar af leiðandi má búast við að stærri hluti flestra rita um meðgöngu og fæðingu verði um móðurina en föðurinn. Hins vegar verður ekki séð að þegar kemur að öðrum þáttum en brjóstgjöf og líkamlegri endurhæfingu sé ástæða til annars en að leggja áherslu á samvinnu, samninga og jafngildi foreldranna.

LOKAORÐ

Samfélagsleg staða kynjanna gjörbreyttist á 20. öldinni. Konur fengu lausn á lagalegu misrétti á mörgum sviðum á fyrstu áratugum aldarinnar. Á sjöunda og áttunda áratug 20. aldar varð sú breyting að giftar konur streymdu inn á vinnumarkaðinn og í kjölfarið hófst fyrir alvöru það sem Arnlaug Leira (1992) kallar samfélagsvæðingu barnauppreis. Leikskólar voru reistir og börn verja nú sífellt stærri hluta af tíma sínum í umsjá annarra en foreldra sinna. Orsakir þessara breytinga eru nokkrar, meðal annars þær að saman fór óánægja kvenna með hlutskipti sitt, þörf fyrir vinnuafli og óskir um aukna neyslu fólks.

Á sjöunda og áttunda áratugnum hófst einnig meðvitund vinna stjórnvalda í þá átt að breyta fyrri verkaskiptingu kynjanna og draga úr tilhneigingu til að skipa konum og körlum á ákveðna bása á grundvelli kyns. Eðlilega beindist sú vinna fyrst og fremst að því að efla

og auka möguleika kvenna. Sú upplausn kynjahlutverka sem breytingarnar höfðu í för með sér leiddi til þess að staða og hlutverk karla færðist meira í sviðsljósið. Sérstaklega á þetta við um stöðu þeirra innan veggja heimilisins og í föðurhlutverkinu. Lagabreytingar eru bæði afleiðingar þessarar þróunar og hafa ýtt undir hana, sérstaklega möguleiki á sameiginlegri forsjá barna eftir skilnað foreldra og síðan lög um fæðingar- og foreldraorlof árið 2000. Fjölskylduvæðing feðra hefst fyrir alvöru um og eftir síðustu aldamót.

Í þeim ritum sem hér hafa verið til umfjöllunar breytist föðurmyndin verulega. Síðari hluta 19. aldar og fram yfir miðja þá 20. eru feður að mestu ósýnilegir í ritum um meðgöngu, fæðingu og umönnun barna. Hlutverkaskipting kynjanna var skýr, konur voru mæður og umönnun barnanna var í þeirra verkahring. Feður voru á vinnumarkaði og lögðu efnislegan grunn að velsæld fjölskyldunnar. Með vinnumarkaðsvæðingu mæðra á sjöunda og áttunda áratug 20. aldar fer þessi mynd að breytast. Konur eru vissulega eftir sem áður þær sem alla ábyrgð bera á umönnun og velferð barna sinna en feðurnir hlaupa undir bagga. Þeir þurfa þó leiðbeiningar, stuðning og bein fyrirmæli og það er hlutverk mæðra að sjá til þess að þeir taki þátt í meðgöngunni og umönnuninni. Það ber þeim að gera sökum þess að þátttaka feðra er jákvæð fyrir þær og uppeldi barnanna. Svipuð stef einkenna flest rit um efnið allt til loka þess tímabils sem hér er undir. Þó dregur verulega úr áherslunni á ósjálfstæði feðra og klaufagang þeirra undir lok tímabilsins, þegar fjölskylduvæðing feðra er orðin augljósari. Jafnframt verður sú breyting við upphaf 21. aldar að feðurnir taka sjálfir til máls, skrifa sjálfir um reynslu sína, vonbrigði og gleði. Óhugsandi er í dag að birta bók um meðgöngu, fæðingu og umönnun ungbarna og láta feðra hvergi getið. Hins vegar vekur athygli og nokkra undrun að enn skuli þeir birtast fyrst og fremst sem aukapersónur, sem annars flokks foreldri. Enn vantar töluvert á að í ritum af þessu tagi séu foreldrar jafngildir einstaklingar sem ákvarði sjálfir hvernig umönnun skuli skipt. Foreldrahlutverkið er enn valkvætt fyrir feður en ekki mæður.

HEIMILDIR

- Anna Margrét Ólafsdóttir og María Heiðdal. (1982). *Ungbarnið: Um þroska og umönnun barna fyrstu tvö æviárin*. Reykjavík: Iðunn.
- Armengol-Carrera, J. M. (2008). Where are the fathers in American literature? Re-visiting fatherhood in U.S. literary history. *The Journal of Men's Studies*, 16(2), 211–226. <https://doi.org/10.3149/jms.1602.211>
- Beck, U. og Beck-Gernsheim, E. (2002). *Individualization: Institutionalized individualism and its social and political consequences*. London: Sage.
- Bergþóra Sigmundsdóttir, Guðfinna Eydal, Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar Biering, Halldór Hansen, Helga Hannesdóttir og Sigurður G. Magnússon. (1984). *Faðir, móðir, barn*. Reykjavík: Jafnréttisráð.
- Borelius, M. (1996). *Nú er ég orðin mamma: Bók um líkama og sál konunnar eftir fæðingu barns*. Reykjavík: Setberg.
- Braun, V. og Clarke, V. (2006). Using thematic analysis in psychology. *Qualitative Research in Psychology*, 3(2), 77–101. <https://doi.org/10.1191/1478088706qp063oa>
- Bryman, A. (2008). *Social research methods* (3. útgáfa). Oxford: Oxford University Press.

- Davíð Scheving Thorsteinsson. (1926). *Barnið: Bók handa móðurinni*. Reykjavík: Steindór Gunnarsson.
- Fenwick, E. (1992). *Móðir og barn: Handbók foreldra um meðgöngu og fæðingu og umönnun barna að þriggja ára aldri*. Reykjavík: Örn og Örlygur.
- Fríða Rós Valdimarsdóttir. (2006). *Nordic experiences with parental leave and its impact on equality between women and men*. Kaupmannahöfn: Nordic Council of Ministers.
- Giddens, A. (1992). *The transformation of intimacy: Sexuality, love and eroticism in modern societies*. Cambridge: Polity Press.
- Gillis, J. R. (1996). *A world of their own making: A history of myth and ritual in family life*. Oxford: Oxford University Press.
- Guðmundur Jónsson og Magnús S. Magnússon (ritstjórar). (1997). *Hagskinna: Sögulegar hagtölur um Ísland*. Reykjavík: Hagstofa Íslands.
- Guðný Björk Eydal og Ingólfur V. Gíslason. (2016). Caring fathers and parental leave in prosperous times and times of crisis: The case of Iceland. Í Guðný Björk Eydal og T. Rostgaard (ritstjórar), *Fatherhood in the Nordic Welfare States: Comparing care policies and practice* (bls. 325–345). Bristol: Policy Press.
- Hannes Jónsson (ritstjóri). (1963). *Fjölskyldan og hjónabandið*. Reykjavík: Félagsmálastofnunin.
- Hannes Jónsson. (1965). *Samskipti karls og konu: Eða félagsfræði fjölskyldu- og hjúskaparmála*. Reykjavík: Félagsmálastofnunin.
- Harvey, D. (ritstjóri). (1985). *Nýtt líf: Meðganga, fæðing og fyrsta árið*. Reykjavík: Örn og Örlygur.
- Helga Daníelsdóttir. (1985). *Barn í vændum*. Reykjavík: Heilsuverndarstöð Reykjavíkur.
- Hulda Jensdóttir. (1962). *Slökun og eðlileg fæðing: Leiðbeiningar til verðandi mæðra*. Reykjavík: Prentsmiðja Guðm. Jóhannssonar.
- Hulda Jensdóttir. (2003). *Upphafsið: Bréf til þín frá ljósunni þinni*. Reykjavík: Salka.
- Ingólfur V. Gíslason. (2007). *Fæðingar- og foreldraorlof á Íslandi: Þróun eftir lagasetninguna árið 2000*. Akureyri: Jafnréttisstofa.
- Isaacs, S. (1939). *Frá vöggju til skóla*. Akureyri: Þorsteinn M. Jónsson.
- Jón Thorstensen. (1846). *Hugvekja um meðferð á ungbörnum samantekin handa mæðrum og barnfóstrum á Íslandi*. Reykjavík: Suðuramtsins hús og bústjórnarfélag.
- Jónas Jónassen. (1888). *Barnfóstran: Fyrirsögn handa alþýðu um rjetta meðferð á ungbörnum*. Reykjavík.
- Krippendorff, K. (2013). *Content analysis: An introduction to its methodology* (3. útgáfa). Los Angeles: SAGE.
- Kristín Ólafsdóttir. (1955). *Heilsufræði handa húsmæðrum: Handbók og námsbók* (3. útgáfa). Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja.
- LaRossa, R. (2012). The historical study of fatherhood: Theoretical and methodological considerations. Í M. Oechsle, U. Müller og S. Hess (ritstjórar), *Fatherhood in late modernity: Cultural images, social practices, structural frames* (bls. 37–58). Berlin: Verlag Barbara Budrich.
- Leach, P. (1982). *Barnið okkar: Fyrstu sex árin*. Reykjavík: Iðunn.
- Lee, E., Bristow, J., Faircloth, C. og Macvarish, J. (2014). *Parenting culture studies*. Basingstoke: Palgrave Macmillan.

- Leira, A. (1992). *Welfare states and working mothers: The Scandinavian experience*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Madsen, S. A., Munck, H. og Tolstrup, M. (1999). *Fædre og fødsler*. Kaupmannahöfn: Frydenlund Grafisk.
- Manniche, V. (1997). *Bókin um barnið: Meðganga, fæðing og fyrstu sex ár barnsins*. Reykjavík: Skjaldborg.
- Monrad, S. (1925). *Mæðrabókin: Hirðing heilbrigðra barna*. Siglufirði: Hinrik Thórarensen.
- Neuendorf, K. A. (2011). Content analysis: A methodological primer for gender research. *Sex Roles*, 64(3-4), 276–289. <https://doi.org/10.1007/s11199-010-9893-0>
- Niels Dungal (ritstjóri). (1943). *Heilsurækt og mannamein: Læknisfræði nútímans fyrir almennig*. Reykjavík: Dagrenning.
- Pernoud, L. (1980). *Meðganga og fæðing: Svör við spurningum verðandi móður*. Reykjavík: Iðunn.
- Reynir Tómas Geirsson. (2002). Föðurástin er ekkert síðri en móðurástin. Í Ingólfur V. Gíslason. *Pabbi: Bók fyrir verðandi feður* (bls. 45–53). Reykjavík: Mál og menning.
- Rich, A. (1976). *Of woman born: Motherhood as experience and institution*. New York: Norton.
- Rode, U. (ritstjóri). (1997). *Meðganga, fæðing, ungbarnið*. Allerød: SCA Hygiene Products.
- Sigurjón Björnsson. (1963). Foreldrar og barnaupveldi. Í Hannes Jónsson (ritstjóri), *Fjölskyldan og hjónabandið* (bls. 165–176). Reykjavík: Félagsmálastofnunin.
- Símon Jóh. Ágústsson. (1950). *Verndið börnin: Nokkrar leiðbeiningar handa foreldrum um barnaupveldi*. Reykjavík: Barnaverndarnefnd Reykjavíkur.
- Skjerve, K. (1923). *Heilsufræði ungra kvenna*. Reykjavík: Steindór Gunnarsson.
- Sólveig Þórðardóttir. (1994). *Til hamingju, pabbi*. Keflavík: Aðstoð.
- Stewart, N. (2000). *Barnið þitt frá fæðingu til 18 mánaða aldurs*. Reykjavík: Uppeldi.
- Stoppard, M. (1984). *Foreldrahandbókin*. Reykjavík: Iðunn.
- Sundal, A. (1957). *Mæðrabókin*. Reykjavík: Menningarsjóður.
- Sunderland, J. (2000). Baby entertainer, bumbling assistant and line manager: Discourses of fatherhood in parentcraft texts. *Discourse & Society*, 11(2), 249–274. <https://doi.org/10.1177/0957926500011002006>
- Therborn, G. (2004). *Between sex and power: Family in the world 1900–2000*. London: Routledge.
- Valdemar Steffensen. (1914). *Meðferð ungbarna*. Akureyri: Bókaforlag Odds Björnssonar.
- Vilborg Björnsdóttir og Þorgerður Þorgeirsdóttir. (1967). *Unga stúlkan og eldhússtörfin*. Reykjavík: Ríkisútgáfa námsbóka.
- Vilborg Björnsdóttir og Þorgerður Þorgeirsdóttir. (1975). *Unga fólkið og eldhússtörfin*. Reykjavík: Ríkisútgáfa námsbóka.
- Vilmundur Jónsson. (1934/1967). *Leiðbeiningar um meðferð ungbarna*. Reykjavík: Landlæknir.
- Watson, J. B. (1944). *Fyrstu árin: Handbók um barnaupveldi og sálræna meðferð ungbarna*. Reykjavík: Heimir.
- Þorbjörg Árnadóttir. (1950). *Móðir og barn*. Akureyri: Norðri.

Póra Sigurðardóttir. (2010). *Foreldrahandbókin*. Reykjavík: Salka.

Pórir Kr. Þórðarson. (1963). Hjónabandið frá siðferðilegu og kristilegu sjónarmiði. Í Hannes Jónsson (ritstjóri), *Fjölskyldan og hjónabandið* (bls. 179–192). Reykjavík: Félagsmálastofnunin.

Greinin barst tímaritinu 12. október 2017 og var samþykkt til birtingar 12. febrúar 2018

UM HÖFUNDINN

Ingólfur V. Gíslason (ivg@hi.is) er doktor í félagsfræði og dósent í þeirri grein við félags- og mannvísindadeild Félagsvísindasviðs Háskóla Íslands. Rannsóknasvið hans hefur fyrst og fremst verið tengt stöðu kynjanna í íslensku samfélagi, karlmennsku og áhrifum fæðingarorlofs. Að auki hefur hann fjallað um ofbeldi og samhygð.

From exclusion to optional participation: Fathers in books on childcare 1846–2010

ABSTRACT

One of the major issues in a gendered world concerns the relationship of men and women towards children, mainly their roles as a father or a mother. This has for a long time been a major driving factor in Western societies and Iceland is no exception. But these roles have changed dramatically in the last centuries as the more general social roles of men and women (and children) have changed. At the same time the general discourse has changed and acted on the social structures surrounding parenthood. The article examines this discourse as it is presented in books and booklets published in Iceland from 1846 to 2010, focusing on pregnancy, birth and the caretaking of infants. All in all 37 books and booklets were read and content analysis used to examine how the role of the father is portrayed. Three major periods can be detected. The first and the longest, spans from the first book in 1846 up to the nineteen-sixties. During this period the father is more or less absent. Several sources make no mention of a father at all and in other cases he is mentioned once or twice as a “provider” or a handyman. However, towards the end of the period his role has begun to increase. The second period is from the nineteen-sixties up to the final decade of the twentieth century. This is a period of major social change, mainly in the roles of women. Mothers enter the labour market, the educational revolution of women really takes off and they become visible in all areas traditionally dominated by men. And there is also one important change regarding fathers. It is during this period that fathers begin to be present at the birth of their children, something that very soon becomes the norm. In the books of this period the father is much more visible, but mainly as mother’s “helper” or assistant. He rarely does anything without being asked.

And, furthermore, he is clumsy in his dealings with the child (and the mother) and has little idea about what is going on. But more and more he is present and it is emphasised that he, and his involvement, is a task the mother has to shoulder. It is her responsibility that the father should become active in the caretaking of the child. This she has to do mainly because it supports the personal development of the father but also because it is important for the child and the family as a unit. The third period begins in 1994 with the publication of the first book solely addressing fathers to be. However, the line between periods two and three is nowhere as sharp as between periods one and two. Mainly, the emphasis on the father increases and he becomes more and more independent. Social changes during the period have strengthened the role of the father with regard to his children, mainly by making shared custody following divorce an option and, also importantly, by the introduction of a three months long paternity leave. Both changes were eagerly adopted by Icelandic parents. Another aspect setting this period apart from the second is that fathers themselves start to write and publish books about their experiences, their joys and disappointments. As for the more general books, the traits from period two are still visible; fathers are clearly not parents on par with the mothers. But it would be almost unthinkable today to publish a book on pregnancy, birth and the caretaking of infants without discussing the role of the father and less and less in the patronizing way that characterized the books of the second period. Nevertheless, it is somewhat surprising that the idea of equal parenthood has not entered into this particular discourse except in name only. The mother is obviously the main parent while the participation of the father is still something of a choice.

Keywords: fatherhood, gender, gender roles, parental books

ABOUT THE AUTHOR

Ingolfur V. Gislason (ivg@hi.is) has a Ph.D. in sociology and is an associate professor in that field at the University of Iceland. His focus of interest has mainly been the gender situation in Iceland, masculinities and paternal leave. He has also studied violence and empathy.